

## 1. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

5. mars 2019, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 16:45

**Mætt eru:** Una Hildardóttir (UH), Geir Finnsson (GF) Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Inger Erla Thomsen (IET), Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF), Enar Kornelius Leferink (EKL) og Rut Einarsdóttir (RE) í gegnum fjarfundarbúnað, auk Tinnu Isebarn (TI) frkvstj. LUF.

*Fundur settur 16:49*

*Fundarstjóri: Una Hildardóttir*

### Dagskrá:

1. **Undirritun [siðareglna](#):** UH les yfir og kynnir reglurnar fyrir stjórn. Allir viðstaddir fundarmenn rita undir siðareglurnar.
  - 1.1. Trúnaðarmenn stjórnar: EKL og IET gefa kost á sér og eru þau kjörin trúnaðarmenn sem hafa umsjón með framkvæmd reglna og sjá um að taka við tilkynningum um grun á brotum.
2. **[Fundargerð 17. Stjórnarfundar](#) 2018-2019 var samþykkt.**
3. **Hlutverk meðstjórnenda:**
  - 3.1. RE leggur til að taka að sér hlutverk málefnafulltrúa LUF og var það samþykkt.
  - 3.2. EKL leggur til að taka að sér hlutverk lýðræðis- og mannréttindafulltrúa LUF og var það samþykkt.
4. **Vinnureglur stjórnar:** Farið var yfir reglurnar og voru allar breytingatillögur samþykktar.
  - 4.1. SÞF leggur til að hver og einn stjórnarmeðlimur fari yfir hlutverk sitt ásamt vinnureglur í heild sinni og leggur til breytingatillögur fyrir næsta fund.
  - 4.2. TI er falið að skrifa um hlutverk varamanna og um lausn stjórnarmeðlima frá störfum.
5. **Alþjóðamál:**
  - 5.1. Sæti LUF í Ráðgjafaráði Evrópuráðsins í málefnum ungs fólks (e. Advisory Council on Youth to the Council of Europe - AC): RE gefur kost á sér sem fulltrúi LUF í AC og tekur þá við á Laufeyju Maríu Jóhannsdóttur fyrrverandi varaformanns LUF.
  - 5.2. Fulltrúaráðsfundur Evrópska ungmennavettvangsins (e. COMEM of the YFJ) þann 11.-12. apríl í Brussel. SÞF sitjandi alþjóðafulltrúi kemst ekki og ákveðið var að IET verði fulltrúi LUF á COMEM.
  - 5.3. „Det nya Norden“ verður haldið 12.-15. maí í Finnlandi. Stjórnarmenn eru hvattir til að sækja um og ákveðið var að LUF sendi inn tilnefningar eftir að viðburðurinn hefur verið kynntur fulltrúaráði.
6. **Næsti stjórnarfundur:** 21. mars kl. 20:00.
7. **1. fulltrúaráðsfundur verður 26. mars kl. 18:30:**
  - 7.1. Fundarboð verður sent út fyrir 12. mars.
  - 7.2. MÖÓ og GF taka að sér að ljúka drögum að framkvæmda- og rekstraráætlun fyrir 19. mars.
8. **Önnur mál:**
  - 8.1. UH leggur til að stjórn fari í vinnuferð í sumarbústað.
  - 8.2. SÞF vekur athygli á að opið er fyrir umsókn hjá Evrópuráðinu um að halda námskeið.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 18:46*

*IET ritaði fundargerð*